

**Fundargerð 18. stjórnarfundar**  
*starfstímabilið 2010-2012*

Fundurinn var haldinn mánudaginn 8. ágúst 2011 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:00.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Benóný Jónsson, Sigurður Ingvarsson, Forföll: Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Hannes Strange. Einnig sátu fundinn Gunnlaugur Júlíusson og Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Breytingar á skipulagi stjórnar. Unnur Sigurðardóttir verður búsett erlendis út kjörtímabil núverandi stjórnar og mun Aðalbjörg Hafsteinsdóttir taka hennar sæti í stjórn út tímabilið. Gunnlaugur Júlíusson hefur seturét í stjórn með málfrelsi og tillögurétti sem varamaður í framkvæmastjórn ÍSÍ. Jónas Egilsson, sem fulltrúi FRÍ í stjórn EAA, hefur einnig sömu stöðu og Gunnlaugur. Formaður tilkynnti að hann myndi af persónulegum ástæðum ekki geta sinnt sem skyldi störfum sem formaður sambandsins. Hann sagði ennfremur að hann myndi ekki gefa kost á sér til endurkjörs. Fundarmenn sammála um að óska eftir því að Stefán sinnti formannsembættinu út kjörtímabilið og þeir lýstu því yfir að þeir myndu sinna þeim verkefnum sem hann hefði sinnt en gæti ekki vegna breyttra aðstæðna. Samþykkt að undirbúa skipun uppstillingarnefndar fyrir næsta þing.
2. Fundargerð 17. fundar stjórnar lögð fram og samþykkt.
3. Evrópubíkar – uppgjörsmál. Stefán fór yfir helstu niðurstöður vegna keppinnar. Í heildina ætti að verða nokkur gengishagnaður, en jafnræði er í svissneskum frönskum, milli gjalda og tekna. Erlendir þátttakendur voru almennt ánaðir með mótið og það gekk vel fyrir sig. Í nokkrum atriðum hefði mátt sinna undirbúningi betur, en það virtist ekki bitna á gestum okkar. Framkvæmdastjóri hefur sent inn til EAA uppgjör, skýrslu um framkvæmdina, úrslit og lokaskráningar.
4. Stefnumótunarmál. Rætt var um samstarf við fyrirtæki, mögulega mótaseríu FRÍ o.fl. Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að koma með tillögur að breyttu fyrirkomulag Skólabríprautarinnar í haust. Einnig ákveðið að kanna með áhuga samstarfsaðila að kostun fjallahlauparaðar og mótaraðar á vegum sambandsins. Að öðru leyti var samþykkt að taka þessi mál til ítarlegri umræðu á næsta fundi stjórnar.
5. Mál til ákvörðunar.
  - 5.1. Samþykkt að MÍ í maraþoni verði samhliða Reykjavíkumaraþoni og MÍ í hálf-maraþoni verði samhliða Brúarhlaupinu á Selfossi 3. sept. nk.
  - 5.2. Þing IAAF. Framkvæmdastjóri fer með atkvæðisrétt FRÍ á þinginu. Hann ásamt Þórdísi Gísladóttur sækja þingið, en hún verður í framboði til jafnréttisnefndar IAAF. Styrkur frá ÍSÍ fékkst til að standa undir kostnaði vegna ferðakostnaðar hennar.
  - 5.3. Mótapiing EAA. Framkvæmdastjóri fer sem stjórnarmaður EAA og því var samþykkt að óska eftir því að Ólafur Guðmundsson formaður Mótanefndar FRÍ færi þangað einnig, sem fulltrúi FRÍ.
  - 5.4. Norrænt samstarf. Framkvæmdastjóri greindi frá því að á síðasta norræna þingi sem haldið var í Osló sl. vor, hefði verið samþykkt að taka samstarfsformið til endurskoðunar. Framkvæmdastjórunum norrænnu

sambandanna hefði verið falið að skoða þau mál nánar og koma með tillögur fyrir næsta reglulegt þing Norðurlandanna.

- 5.5. Undirbúningur að mótaskrá 2012. Samþykkt að óska eftir því við formann mótanefndar að koma með drög að mótaskrá fyrir 2012 sem tæki mið af mögulegri mótaröð og breyttu fyrirkomulagi móta á vegum FRÍ.
  - 5.6. Stigatafla unglinga. Eftir breytingar á aldursflokkaskipan og breytingum á þyngdum kastáhalda sem tóku gildi 1. janúar sl. er nauðsynlegt að endurskoða stigatöfluna. Framkvæmdastjóra falið að koma með tillögur sem kynntar yrðu sambandsaðilum í haust.
  - 5.7. Félagaskipti. Framkvæmdastjóri greindi frá ósk um félagaskipti, en hlutaðeigandi einstaklingur keppti síðast um mitt árið 2009. Skv. álit Stefáns Boga Stefánssonar lögfr. í laganefnd FRÍ er fyrirvari of stuttur til að viðkomandi geti, skv. 1. gr. reglugerðar um félagaskipti, keppt fyrir annað félag í Bikarkeppni FRÍ nk. föstudag.
6. Lagt fram.
- 6.1. Luxembourg býður til landskeppni á næsta ári í Luxembourg og greiðir ferða- og gistikostnað allt að 40 manna í landinu vegna keppninnar. Samþykkt að skoða málið nánar og taka jákvætt í hugmyndina.
  - 6.2. Lagðar voru fram niðurstöður vegna lyfjaprófa í kjölfar Íslandsmeta fyrr á árinu. Skv. því eru met í 4x200 m boðhlaupi kvenna frá 15. jan. sl. og í þrístökki karla frá 23. janúar sl. staðfest.
  - 6.3. Erindi með breytingu á lögum ÍSÍ, sem samþykktar voru á þingi þess í vor, voru lagðar fram.
  - 6.4. Samþykkt að tilnefna Erlu Gunnarsdóttur til viðurkenningar EAA um mikilsvert framlag konu til frjálsíþróttum árið 2011.
7. Önnur mál.
- 7.1. Benóný Jónsson spurðist fyrir um framgang endurskoðunar á mótaforriti FRÍ. Formaður greindi frá því að Friðrik Þór Óskarsson væri að vinna að nýju forriti og internetviðmóti. Hins vegar væri ekki vitað um hvernær þeirri vinnu lyki.
8. Næsti fundur ákveðinn föstudaginn 19. ágúst nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:10.

Jónas Egilsson.